

Sveitarfélagið Hornafjörður
Gunnlaugur Rúnar Sigurðsson
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 16. júlí 2013
Tilvísun: UST20130600189/bs

Erindi vegna stöðuleyfis við Fjallsárlón á Breiðamerkursand. Umsögn


Vísað er til erindis Sveitarfélagsins Hornafjarðar dags. 25. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ósk Fjallsárlón um stöðuleyfi vegna kerru, flotbryggju og þriggja báta sem staðsetja á við Fjallsárlón. Leitað er umsagnar Umhverfisstofnunar þar sem Breiðamerkursandur er svæði nr. 635 á náttúruminjaskrá.


Náttúruverndargildi svæðisins er talið vera: „Jökulsárlón er þekktasta jaðarlón á landinu. Kvíármýrarkambur, Kambsmýrarkambur og aðrar jökulöldur við Kvíárjökul eru einhverjar stærstu og sérstæðustu jökulöldur á landinu. Eystrihvammur er kjarri vaxinn með tæru stöðuvatni. Mikill og sérstæður gróður, auðugt fuglalíf og selir.“

Umhverfisstofnun telur að veiting stöðuleyfis fyrir kerru, bryggju og báta sem verða fjarlægð að loknu sumri muni ekki hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðis nr. 635 á náttúruminjaskrá.

Umhverfisstofnun gerir því ekki athugasemdir við umrædda umsókn um stöðuleyfi.

Virðingarfyllt


Sigríður Kristjánsdóttir


Björn Stefánsson
sérfræðingur